

2. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar skv. 6. ml. 2. mgr. 21. gr. og 5. ml. 1. mgr. 25. gr. nema skipulags- og byggingarnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.
3. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða erindi og umsagnir um erindi sem beint er til skipulagsnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.
4. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsstjóra skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð.

4. gr.

Um afgreiðslu skipulagsstjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykktu borgarstjórnar er til þeirra taka.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulagsstjóra er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar. Málskotsréttur er 14 dagar frá því að mál er lagt fram í nefndinni.

Þessi málskotsréttur takmarkar þó ekki almennan málskotsrétt skv. lögum, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaganna og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

6. gr.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. gr. og heimild í 1. mgr. 41. gr. og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með og öðlast gildi 1. október 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. september 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361 30. september 1977.

Ríkisstjórn Íslands hefur hinn 11. júlí 2000 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 30. september 1977.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi við birtingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2000.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. október 2000.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur B-hluti nr. 369 26. júní 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3,5%.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Klettasvæði – breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. maí 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis. Lóðin Klettagarðar 5 stækkar inn á lóð nr. 9. Innkeyrsla á lóðirnar nr. 6 og 8-10 við Klettagarða verður færð og gert ráð fyrir olfudælu á lóð nr. 6 við Klettagarða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Dofraborgir 23 – skilmálar, byggingarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. ágúst 2000 samþykkt skipulag lóðar nr. 23 við Dofraborgir. Leyfðar verða tvær íbúðir í stað einnar og byggingarreitur stækkar, tvö bílastæði skulu vera fyrir hvora íbúð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.